



Bankasýsla ríkisins
Borgartúni 3
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Amarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 10. febrúar 2022
Tilv.: FJR22010105/11.4.5

Efni: Tillaga um framhald á sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbankabanka hf.

Vísað er til erindis frá Bankasýslu ríkisins, dags. 20. janúar sl., þar sem lögð er fram tillaga um að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum.

Í 1. gr. laga nr. 155/2012 kemur fram að ráðherra sé heimilt að selja að eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. að öllu leyti eða að hluta, að fenginni heimild í fjárlögum og fengnum tillögum frá Bankasýslu ríkisins. Í 6. gr. fjárlaga liggur fyrir heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf.

Með vísan til ofangreinds er tillaga Bankasýslu ríkisins um að hefja sölumeðferð á Íslandsbanka hf. hér með samþykkt.

Í samræmi við 2. gr. laga nr. 155/2012 mun ráðherra útbúa greinagerð um ráðgerða sölumeðferð og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Þá verður jafnframt leitað umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Nefndunum verður veittur hæfilegur frestur til þess að gera athugasemdir við efni greinargerðarinnar. Að liðnum þeim fresti verður tekin endanleg ákvörðun um hvort sölumeðferð verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar.


Bjarni Benediktsson

Fyrir hönd ráðherra


Guðmundur Árnason